

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukabúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu sorpeyðingu og urðun sorps. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 3. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 26.100 er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt grátt sorpílát fyrir óflokkað sorp auk blárrar endurvinnslutunnu fyrir pappír sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

- |                           |            |
|---------------------------|------------|
| 1. fyrir 240 l gráa tunnu | kr. 26.100 |
| 2. fyrir 240 l bláa tunnu | kr. 26.100 |
| 3. fyrir 660 l gám        | kr. 67.000 |

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til þjónustustöðvar (áhalda-húss) bæjarins að Völuteigi 15.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í samþykkt um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998, með síðari breytingum, og með vísan til 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1337/2015.

*Mosfellsbæ, 7. desember 2016.*

**Jóhanna B. Hansen**, framkvæmdastjóri umhverfissviðs.